Kvótaþakið – eftirlitsskylda í molum

Eftir Örn Pálsson


Örn Pálsson

Á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda 17. október sl. vakti undirritaður athygli á getuleysi framkvæmdavaldsins við að hafa eftirlit með að skyldir aðilar fari ekki upp fyrir kvótaþakið. Þrátt fyrir að ítarlega sé fjallað um ákvæði um takmarkanir eignaraðildar á aflahlutdeild í lögum um stjórn fiskveiða, 13. og 14. gr., virðist það ekki duga til.

Fiskistofu hefur ekki tekist að sýna fram á að tengsl séu milli hjóna né að þegar sami aðili gegnir stjórnarformennsku eins fyrirtækis og forstjóri annars að það leiði til að ákvæði um hámarkshlutdeild hafi verið brotin, þrátt fyrir að í 13. gr. laganna segi „má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda“.

Ríkisendurskoðun vakti athygli á þessum þætti í skýrslu til Alþingis í desember 2018: „Eftirlit Fiskistofu“.

LS fjallaði um skýrsluna og sagði hana meðal annars flytja þau skilaboð að Fiskistofa hefði ekki og gæti ekki sinnt þeim skyldum sem henni væri ætlað í lögum um stjórn fiskveiða um eftirlit með samþjöppun aflaheimilda. Bein tilvitnun úr skýrslunni:

„Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að Fiskistofa kannar ekki yfirráð tengdra aðila yfir aflaheimildum með reglubundnum eða markvissum hætti út frá öllum skilyrðum 13. gr. laga um stjórn fiskveiða. Í einstaka tilfellum ræðst stofnunin í sérstakar athuganir á fyrirtækjum úr hópi 100 stærstu útgerða landsins, t.d. í tengslum við viðskipti með útgerðarfélög sem rata í fjölmiðla, þegar grunur leikur á að tengdir aðilar hafi farið yfir leyfileg mörk. Ljóst er að árin 2013-17 hafði Fiskistofa ekki greinargóða yfirsýn yfir tengsl aðila í sjávarútvegi.“

Af viðbrögðum stjórnvalda mátti greina að þau teldu þetta vera með öllu ólíðandi.

Enn hefur ekkert frumvarp eða tillögur um betrumbætur litið dagsins ljós. Þar sem almenningur og fjölmiðlar eru nú ekki alltaf með puttana á þessum púlsi tel ég það hlutverk mitt sem fulltrúa LS að vekja athygli á þessu.

Rætt er um samþjöppun og að koma verði í veg fyrir að einstaka aðilar eða fyrirtæki verði ráðandi. Afleiðingar geta orðið kerfislægar þegar um stærstu atvinnugreinar landsmanna er að ræða. Ríkisvaldið getur þannig lent í þeirri stöðu að það megi sig hvergi hræra gagnvart þessum umsvifamiklu aðilum.


Nauðsynlegt er að löggjafarvaldið tryggi framkvæmdavaldinu skýrt og afmarkað umhverfi til að hafa eftirlit með einstökum lagaákvæðum er lúta að þessum þætti. Ljóður á okkar annars ágætu stjórnsýslu er að við gerð og meðferð frumvarpa sé ekki nægjanlega hugsað til framkvæmdaþáttarins, varðandi lagaákvæðin sem til verða.

Hér er rétt að benda á að slíkur kerfislægur vandi sem af þessu getur stafað er ekki eingöngu bundinn við útgerðina og Fiskistofu. Rétt er að minnast á að slíkt kom heldur betur upp í bankaráninu fyrir rúmum áratug um eignaraðild í bönkunum, þar sem Fjármálaeftirlitið var eftirlitsaðilinn: „Fjármálaeftirlitið leyfði meira að segja Landsbankanum að flokka tvo helstu eigendur bankans sem „óskylda“. Samt höfðu þeir keypt bankann saman. Auk þess sem þeir voru feðgar.“ (Í víglínu íslenskra fjármála, Svein Harald Øygard bls. 74.)

Samþjöppun í útgerð hefur verið gríðarleg á undanförnum árum. Ef það er vilji stjórnvalda að hægja eigi á samþjöppun er einn liður í því að taka viðkomandi lagaákvæði til endurskoðunar. Kveða skýrt á um hver tengslin megi vera. Við slíka endurskoðun ættu aðilar að íhuga hvort ekki eigi að taka fleiri tegundir inn, ég nefni hér makríl, kolmunna, norsk-íslenska síld, keilu, löngu og steinbít.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.
orn@smabatar.is

Aflahlutdeild stærstu útgerðarfélaganna*



Aflahlutdeild, samtals þorskígildi og eftir tegundum

5 stærstu útgerðarfélögin alls		Aflahlutdeild einstakra útgerðarfélaga		Hámarks-aflahlutdeild
Þorskígildi	**33%**	**Brim**	**10,4%**	**12%**
Þorskur	30%	Samherji	7,8%	12%
Ýsa	29%	Brim	6,9%	20%
Ufsi	43%	Brim	17,5%	20%
Gullkarfi	59%	Brim	24,1%	35%
Djúpkarfi	69%	Brim	24,2%	35%
Grálúða	59%	Útgerðarfélag Reykjav.	20,0%	20%
Langa	50%	Vísir	17,7%	
Blálanga	63%	Vísir	28,0%	
Keila	77%	Vísir	46,6%	
Síld	71%	Skinney	19,0%	20%
Loðna	74%	Ísfélagið	20,0%	20%
Kolmunni	82%	Síldarvinnslan	25,2%	
Makríll	63%	Vinnslustöðin	15,6%	
Norsk-ísl. síld	74%	Ísfélagið	20,2%	

*Byggt á lista sem Fiskistofa gaf út í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs

» Afleiðingar geta orðið kerfislægar ... Ríkisvaldið getur þannig lent í þeirri stöðu að það megi sig hvergi hræra gagnvart þessum umsvifamiklu aðilum.

200 MÍLUR
Allt um sjávarútveg
mbl.is

